

Öryggisstefna Íveru

Ívera er leiðandi fyrirtæki á sviðið leiguíbúða sem kappkostar að bjóða einstaklingum og fjölskyldum örugga langtímaleigu. Markmið Íveru er að bjóða leigjendum persónulega og áhyggjulausa þjónustu. Fyrirtækið lítur á öryggismál sem hluta af daglegri starfsemi og leggur áherslu á að tryggja öryggi; leigjenda, leiguíbúða og starfsfólks.

Stefna Íveru er að tryggja að leiguíbúðir séu þannig útbúnar að leigjendum stafi ekki hættu á slysi, eignatjóni eða heilsu bresti og stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir starfsfólk.

Markmið félagsins er að með faglegum, skipulögðum og markvissum hætti sé unnið að því að yfirfara og lagfæra leiguíbúðir til að auka öryggi þeirra sem og fræða leigjendur og starfsfólk um öryggismál. Til þess að ná fram stefnu og markmiðum fyrirtækisins í öryggismálum hefur Ívera eftirfarandi að leiðarljósi:

- Að leiguíbúðir sem í boði eru uppfylli kröfur sem gerðar eru til þeirra af opinberum aðilum.
- Að hindra að slys eða tjón eigi sér stað tengt húsnæði Íveru.
- Að leiguíbúðir séu skipulega teknar út og úrbætur framkvæmdar til að auka öryggi.
- Að allar leiguíbúðir séu útbúnar með reykskynjara, eldvarnateppi og slökkvitæki.
- Að stuðlað sé að fræðslu og umræðu meðal starfsfólks og leigjenda til að efla öryggishugsun.
- Að starfsfólk noti viðeigandi öryggisbúnað við störf sín.
- Að starfsfólk sé til fyrirmyndar, virði rétt leigjanda og auðkennt sem starfsfólk Íveru.
- Að atvik séu skráð til að tryggja gagnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð s.s. úrbætur.
- Að leigjendum sé gert kleift að koma ábendingum á framfæri og að þær séu skoðaðar.
- Að unnið sé eftir samhæfðum öryggisviðmiðum.
- Að til staðar sé innra eftirlit til að sannreyna fagleg vinnubrögð.

Ívera fer eftir gildandi lögum og reglugerðum um öryggismál. Framkvæmdastjóri Íveru ber ábyrgð á öryggisstefnunni og að hún sé yfirfarin reglulega. Starfsfólk Íveru ber ábyrgð á að fara eftir öryggisstefnu og stefnu Íveru.

Ívera er með einn Öryggisstjóra sem er yfirlögfræðingur félagsins og einn Öryggisfulltrúa sem báðir hafa setið námskeið vinnuverndar um öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði.

Öryggisstefna þessi tekur gildi þann 1. október 2025.

Forstjóri,

Egill Lúðvíksson framkvæmdastjóri Íveru ehf.